

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum árið 1979.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 18. mars 1979 eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Þó getur ráðuneytið heimilað einstökum báti eða bátum að veiða ákveðið magn í sambandi við rannsóknir eða tilraunavinnslu á loðnu.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Dórður Ásgeirsson.